# Summer Concerts 2008

## Sigurjón Ólafsson MUSEUM

Sumartónleikar 2008



# Sumartónleikar

**Þriðjudaginn 8. júlí kl. 20:30**
*Ungverskir dansar og rómantík.*
**Freyja Gunnlaugsdóttir** klarínett og **Siiri Schutz** píanó. *Ballaða* op. 8 og tveir *Ungverskir dansar* eftir Leo Weiner, *Sónata* op. 120 nr. 2 í Es-dúr eftir Johannes Brahms og *Fjórir ungverskir dansar* eftir Rezsö Kokai.





**Þriðjudaginn 15. júlí kl. 20:30**
**Sebastiano Brusco** píanóleikari. *Sónata* í a-moll D 537 op. 164 og *Impromptu* op. 90 eftir Franz Schubert. *Fantaisie-Impromptu* op. 66 og *Ballaða* í g-moll op. 23 eftir Frédéric Chopin.

**Þriðjudaginn 22. júlí kl. 20:30**
**Steinunn Soffía Skjenstad** sópran og **Sofia Wilkman** píanó. Sönglög eftir Franz Schubert við ljóð Goethe, lög úr ljóðaflokknum *Des Knaben Wunderhorn* eftir Gustav Mahler, *Fünf Lieder* eftir Anton Webern úr ljóðabálknum *Der Siebente Ring* eftir Stefan George og ýmis sönglög eftir Richard Strauss.

**Þriðjudaginn 29. júlí kl. 20:30**
**Anna Áslaug Ragnarsdóttir** píanóleikari. *Italienisches Konzert* BWV 971 eftir Johann Sebastian Bach, *Le Traquet rieur* úr *Catalogue d'oiseaux* eftir Olivier Messiaen, *Grande Sonate Pathétique* op. 13 eftir Ludwig van Beethoven og *Ballade* op. 23 eftir Frédéric Chopin.

**Þriðjudaginn 5. ágúst kl. 20:30**
**Þórunn Elín Pétursdóttir** sópran og **Anna Rún Atladóttir** píanó flytja lög um börn og fyrir börn. Á efnisskránni eru *Barnlige sange* op. 61 eftir Edward Grieg, *I hate music!* eftir Leonard Bernstein, sönglög Jóhanns G. Jóhannssonar við barnaljóð Þórarins Eldjárns auk þekktra laga Atla Heimis Sveinssonar.

**Þriðjudaginn 12. ágúst kl. 20:30**
**Guðrún Ingimarsdóttir** sópran og **Jónína Erna Arnardóttir** píanó flytja íslenska leikhústónlist, sönglög og aríur, m.a. eftir Atla Heimi Sveinsson, Jón Ásgeirsson, Indriða Einarsson og Sigurð Þórðarson.





**Þriðjudaginn 19. ágúst kl. 20:30**
**Guðný Guðmundsdóttir** fiðla og **Gunnar Kvaran** selló. Flutt verða *Svíta* nr. 2 í d-moll fyrir einleiksselló eftir Johann Sebastian Bach, *Eintal* fyrir einleiksfiðlu, sem Karólína Eiríksdóttir samdi og tileinkaði Guðnýju 2008, *Ciaconne* úr *Partítu* í d-moll fyrir einleiksfiðlu eftir J.S. Bach og *Sónatína* í E-dúr fyrir fiðlu og selló eftir Arthur Honegger.

**Þriðjudaginn 26. ágúst kl. 20:30**
***Íslenski saxófónkvartettinn.*** **Vigdís Klara Aradóttir** sópransaxófónn, **Sigurður Flosason** altsaxófónn, **Peter Tompkins** tenórsaxófónn og **Guido Bäumer** barítonsaxófónn. *Fantasía* eftir Orlando Gibbons, *Historie du Tango* eftir Astor Piazzolla, *Ricercare dopo il credo* eftir Girolamo Frescobaldi, *Songs for Tony* eftir Michael Nyman og *Andante et Scherzo* eftir Eugene Bozza.

**Þriðjudaginn 2. september kl. 20:30**
**Gerður Bolladóttir** sópran, **Pamela De Sensi** flauta og **Sophie Marie Schoonjans** harpa. *Almanaksljóð* eftir Önnu S. Þorvaldsdóttur við ljóð Bolla Gústafssonar. Stiklað er á helstu messudögum ársins að fornu með stuttum ljóðrænum lýsingum af náttúru, veðri og bústörfum - oft með trúarlegri tilvísun.



# Summer Concerts

**Tuesday July 8th at 20:30**
***Hungarian dances and Romantic Music*. Freyja Gunnlaugsdóttir** clarinet and **Siiri Schutz** piano. Ballade op. 8 and two *Hungarian Dances* by Leo Weiner, *Sonata* op. 120 no. 2 in E flat-major by Johannes Brahms and *Four Hungarian Dances* by Rezsö Kokai.



**Tuesday July 15th at 20:30**
**Sebastiano Brusco** piano. *Sonata* in a-minor D 537 op. 164 and *Impromptus* op. 90 by Franz Schubert. *Fantaisie-Impromptu* op. 66 and *Ballade* in g-minor op. 23 by Frédéric Chopin.





**Tuesday July 22nd at 20:30**
**Steinunn Soffía Skjenstad** soprano and **Sofia Wilkman** piano.
***Songs from Vienna.*** Songs from *Des Knaben Wunderhorn* by Gustav Mahler, *Fünf Lieder* by Anton Webern from *Der Siebente Ring* by Stefan George and lieder by Richard Strauss.



**Tuesday July 29th at 20:30**
**Anna Áslaug Ragnarsdóttir** piano.
*Italienisches Konzert* BWV 971 by Johann Sebastian Bach, *Le Traquet rieur* from *Catalogue d'oiseaux* by Olivier Messiaen, *Grande Sonate Pathétique* op. 13 by Ludwig van Beethoven and *Ballade* op. 23 by Frédéric Chopin.



**Tuesday August 5th at 20:30**
**Þórunn Elín Pétursdóttir** soprano and **Anna Rún Atladóttir** piano perform a program about, and for children. *Seven Children's Songs* op. 61 by Edward Grieg, *I hate music!* by Leonard Bernstein, Jóhann G. Jóhannsson's music to Þórarinn Eldjárn's poems as well as popular songs by Atli Heimir Sveinsson.

**Tuesday August 12th at 20:30**
**Guðrún Ingimarsdóttir** soprano and **Jónína Erna Arnardóttir** piano perform Icelandic theatre music, songs and arias, by e.g. Atli Heimir Sveinsson, Jón Ásgeirsson, Indriði Einarsson and Sigurður Þórðarson.



**Tuesday August 19th at 20:30**
**Guðný Guðmundsdóttir** violin and **Gunnar Kvaran** cello. *D-minor suite* for solo-cello by Johann Sebastian Bach, *Eintal*, (*Soliloquy*, 2008) by Karólína Eiríksdóttir, *Ciaconne* from *Partita* in d-minor for solo violin by J.S. Bach and *Sonatina* in E-major for violin and cello by Arthur Honegger.



**Tuesday August 26th at 20:30**
***The Icelandic Saxophone Quartet.*** **Vigdís Klara Aradóttir** soprano saxophone, **Sigurður Flosason** alto saxophone, **Peter Tompkins** tenor saxophone and **Guido Bäumer** baritone saxophone. *Fantasia* by Orlando- Gibbons, *Historie du Tango* by Astor Piazzolla, *Ricercare dopo il credo* by Girolamo Frescobaldi, *Songs for Tony* by Michael Nyman and *Andante et Scherzo* by Eugene Bozza.

**Tuesday September 2nd at 20:30**
**Gerður Bolladóttir** soprano, **Pamela De Sensi** flute and **Sophie Marie Schoonjans** harp. *Almanak lieder* by Anna S. Þorvaldsdóttir with poems by reverend Bolli Gústafsson.

# Sumartónleikar

**Þriðjudaginn 8. júlí kl. 20:30**

## *Ungverskir dansar og rómantík*



**Freyja Gunnlaugsdóttir** klarínettuleikari stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Kjartani Óskarssyni og síðar við Tónlistarháskólann í Berlín hjá Karl-Heinz Steffens. Freyja hefur komið fram sem einleikari með ýmsum hljómsveitum og kammerhópum í Evrópu og víðar, meðal annars Berliner Symphoniker, Preussiche Kammerorchester og Pólsku kammersveitinni. Freyja hefur frumflutt fjöldan allan af einleiksverkum fyrir klarínettu, meðal annars eftir Konstantia Gourzi, Alessandro Solbiati og Atla Heimi Sveinsson og unnið fyrstu verðlaun í Hanns Eisler nútímatónlistarkeppninni í Berlín. Freyja hefur unnið með myndlistarmönnum á borð við Bruce Nauman, Pipilotti Rist og Alexander Polzin. Haustið 2007 kom út geisladiskurinn *Un brin de bruyére* hjá ítalska útgáfufyrirtækinu Stradivarius þar sem Freyja leikur samtímatónlist með semballom leikaranum Luigi Gaggero.

Glæsilegur tónleikaferill þýska píanóleikarans **Siiri Schütz** hófst þegar hún 16 ára að aldri þreytti frumraun sína sem einleikari með Berlínarfílharmóníunni undir stjórn Claudio Abbado. Sama ár hljóp hún í skarðið fyrir Claudio Arrau og Murray Perahia á einleikstónleikum í Fílharmóníunni í Köln og Tonhalle í Düsseldorf og hlutu þeir tónleikar einróma lof gagnrýnenda. Síðan þá hefur hún komið fram sem einleikari með mörgum helstu hljómsveitum Evrópu, meðal annarra Sinfóníuhljómsveitum Berlínar og Bern, Tonhalle orchester í Zürich og MDR útvarpshljómsveitinni í Leipzig. Hún hefur unnið með hljómsveitarstjórum á borð við Yu Feng og Claus Peter Flor og leikið á tónlistarhátíðum í Evrópu og Bandaríkjunum. Siiri Schütz nam píanóleik við tónlistarháskólana í Berlín og Köln og Julliard tónlistarskólann í New York. Siiri hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, hún vann fyrstu verðlaun í Alþjóðlegu píanókeppninni í Aussig 1989 og Jütting verðlaunin í Stendal 1996. Fyrsti geisladiskur hennar, *Fascination of variation,* kom út haustið 2006 hjá útgáfufyrirtækinu Ars Musici.

**Þriðjudaginn 15. júlí kl. 20:30**

## *Píanótónar Chopin og Schubert*



**Sebastiano Brusco** er virtur píanóleikari í heimalandi sínu Ítalíu og hefur hlotið fjöldamörg verðlaun fyrir tónlistarflutning þar og í alþjóðlegum tónlistarkeppnum, meðal annars Carlo Soliva verðlaunin árið 1998. Hann stundaði píanónám í tónlistarháskólum á Ítalíu hjá Aldo Ciccolini, Ennio Pastorino, Joaquin Achuacarro og Katia Labéque. Hann kemur reglulega fram á tónleikum víða um heim og hefur leikið einleik með hljómsveitum svo sem sinfóníuhljómsveitum Mílanó og Transylvaníu og I Solisti Veneti. Sebastino Brusco leikur einkum 20. aldar tónlist og hefur frumflutt verk eftir tónskáldin Tosatti, M. Gould, Milhaud, Boriolo, Taglietti og fleiri. Árið 1993 stofnuðu hann og Marco Scolastra píanódúó sem hljóðritaði geisladiskinn *Colours and Virtuosity of the 20th Century in Italy* og Phoenix Classics gaf út. Hann vinnur einnig náið með rússneska fiðluleikaranum Vadim Brodsky og er meðlimur í Bernini kammerkvartettinum í Róm.

# Summer Concerts

**Tuesday July 8th at 20:30**

## *Hungarian Dances and Romantic Music*

**Freyja Gunnlaugsdóttir** studied clarinet at the Reykjavík College of Music with Kjartan Óskarsson and later at the Hochschule für Musik Hanns Eisler in Berlin in the class of Professor Karl-Heinz Steffens. She has performed as a soloist and given recitals in Germany, France, Britain, Scandinavia, Poland, Korea, Japan and in the USA. She has performed with orchestras such as the Berlin Symphony and the Polish Chamber Orchestra. She has premiered many pieces by contemporary composers and had a fruitful collaboration with several performing artists and painters such as Bruce Nauman, Pipilotti Rist and Alexander Polzin. The Italian label Stradivarius recently released a recording of contemporary music with Gunnlaugsdóttir and the cimbalom player Luigi Gaggero.



**Siiri Schütz's** concert career had a dramatic start in 1991 when she, at 16, stood in for Claudio Arrau in an important solo recital at the Philharmonic Hall in Cologne and for Murray Perahia at the Tonhalle in Düsseldorf. In the same year she made her debut with the Berlin Philharmonic Orchestra conducted by Claudio Abbado. Since then engagements have taken her to perform at prestigious festivals in Europe and the United States and she has played as a soloist with e.g. the Berlin Philharmonic Orchestra, Berlin Symphony Orchestra and Bern Symphony Orchestra, Tonhalle Orchestra Zürich and MDR Radio Orchestra in Leipzig. Among her teachers were Annerose Schmidt (Hochschule für Musik Hanns Eisler Berlin), Leon Fleisher (Julliard School NY) and Alfred Brendel. Siiri Schütz won the Gold Medal at the International Piano Competition in Aussig in 1989 and the Jütting Award in Stendal 1996. Her debut CD *Fascination of Variation* for the label Ars Musici was released in March 2006.

**Tuesday July 15th at 20:30**

## *Impromptus and Sonatas by Schubert and Chopin*

The Italian pianist **Sebastiano Brusco** has recieved many awards in national and international competitions. He graduated with a first-class cum laude diploma at the Conservatory F. Morlacchi in Perugia, Italy and furthered his studies under the guidance of Aldo Ciccolini, Ennio Pastorino, Joaquin Achuacarro and Katia Labéque. He collaborates actively with the Russian violinist Vadim Brodsky and The Bernini Quartet of Roma in various chamber ensembles. His piano duo with Marco Scolastra has recorded the CD *Colours and Virtuosity of the 20th Century in Italy* for Phoenix Classics. As a soloist he has played with various Italian and foreign orchestras, such as the Transylvania State Symphonic Orchestra, I Solisti Veneti and the Milan Symphony Orchestra, conducted by famous names, for instance Riccardo Chailly, Romano Gandolfi and Claudio Scimone. Brusco dedicates particular attention to music of the 1900's, carrying out premieres of compositions by Tosatti, M. Gould, Milhaud, Boriolo and Taglietti.

# Sumartónleikar

**Þriðjudaginn 22. júlí kl. 20:30**

## *Sönglög og ljóð*



**Steinunn Soffía Skjenstad** lýkur mastersgráðu í söng frá Síbelíusarakademíunni í Helsinki í sumar en hefur stundað tónlistarnám frá því hún hóf að læra á fiðlu 6 ára gömul. Hún stundaði söngnám við Listaháskóla Íslands hjá Elísabetu Erlingsdóttur, en hefur einnig sótt námskeið m.a. hjá Udo Reinemann, Elly Ameling og Julius Drake. Kórstarf var Steinunni mikilvægt tónlistaruppeldi og hefur hún sungið með Gradualekór Langholtskirkju og Graduale Nobili undir stjórn Jóns Stefánssonar sem og Kór Menntaskólans við Hamrahlíð undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur. Steinunn fór með hlutverk *Fiordiligi* í *Così fan tutte* eftir W.A. Mozart í Óperustúdíói Íslensku Óperunnar vorið 2008 en hún hefur einnig sungið hlutverk *Miss Wordsworth* í *Albert Herring* eftir B. Britten, *Elisettu* í *Il matrimonio segreto* eftir D. Cimarosa og *Czipru* í *Sígaunabaróninum* eftir J. Strauss.

Finnski píanistinn **Sofia Wilkman** hóf píanónám árið 1991 í Tónlistarskólanum í Porvoo, Finnlandi undir leiðsögn Eeros Manninens og Joonas Pohjonens. Haustið 2003 hlaut Sofia inngöngu í Síbelíusarakademíuna í Helsinki þar sem aðalkennarar hennar eru Teppo Koivisto og Ilmo Ranta. Sofia hefur í námi sínu lagt sérstaka áherslu á flutning kammer- og ljóðasöngstónlistar og komið víða fram á tónleikum í Finnlandi með Wellentríóinu, píanótríói sem hún hefur leikið með síðan 2003 og hlaut Kees Wiebenga-verðlaunin sem besti flytjandi á Kammertónlistarhátíðinni í Kuhmo sumarið 2006.

Steinunn og Sofia, báðar fæddar árið 1983, hafa unnið saman í rúm tvö ár og haldið tónleika í Helsinki. Í október 2007 hlutu þær fyrstu verðlaun í ljóðasöngsflokki Erkki Melartin kammertónlistarkeppninnar í Savonlinna í Finnlandi.

**Þriðjudaginn 29. júlí kl. 20:30**

## *Anna Áslaug Ragnarsdóttir píanó*



**Anna Áslaug Ragnarsdóttir** hóf tónlistarnám sitt hjá föður sínum, Ragnari H. Ragnar við Tónlistarskóla Ísafjarðar og nam síðar hjá Árna Kristjánssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík. Að loknu einleikaraprófi fór hún til framhaldsnáms á Bretlandi, Ítalíu og í Þýskalandi. Anna Áslaug hefur komið fram sem píanóleikari víða um Evrópu og Norður Ameríku. Á Íslandi hefur hún oft leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og haldið einleikstónleika víðs vegar um landið, meðal annars á vegum Myrkra músíkdaga, Norrænna Músíkdaga, Tíbrár og Tónlistarfélaganna í Reykjavík, Ísafirði og Akureyri. Hún hefur leikið inn á upptökur fyrir Ríkisútvarpið og Sjónvarpið. Íslensk Tónverkamiðstöð gaf út hljómplötu þar sem hún leikur verk íslenskra höfunda. Á síðari árum hefur hún einnig verið meðleikari með ljóðasöng og kammertónlist og m.a. komið fram hjá Kammermúsíkklúbbnum í Reykjavík og á sumartónleikum LSÓ. Anna Áslaug er búsett í München og Reykjavík.

# Summer Concerts

**Tuesday July 22nd at 20:30 –** *Songs from Vienna*

**Steinunn Soffía Skjenstad** finishes her Master's Degree as a classical singer from the Sibelius Academy in Helsinki this summer. Her musical education began with the violin when she was six but soon turned to singing, which she studied at The Reykjavík College of Music and Iceland Academy of the Arts under the guidance of Elísabet Erlingsdóttir. In addition to her training in classical singing, choral singing has been an important part of Skjenstad's musical education, as she has been a member of some of the best-known choirs in Iceland from an early age. In spring 2008, she sung the role of *Fiordiligi* in *Così fan tutte* by W.A. Mozart in the Opera Studio of the Icelandic Opera. She has also sung *Miss Wordsworth* in *Albert Herring* by B. Britten, *Elisetta* in *Il matrimonio segreto* by Cimarosa and *Czipra* in *Der Zigeunerbaron* by Strauss. Skjenstad has attended master classes with Udo Reinemann, Elly Ameling, Julius Drake, Edith Wiens, Giovanna Canetti and Joy Mammen.



The Finnish pianist **Sofia Wilkman** started her piano studies in 1991 at The Porvoo College of Music. Later, she studied some years with Eero Manninen and Joonas Pohjonen and has been a student at The Sibelius Academy from 2003. Her main teachers are Teppo Koivisto and Ilmo Ranta. Wilkman is especially active in the field of chamber music and Lieder and in 2003, she founded *The Wellen Trio*, a piano trio that has performed at various concerts throughout Finland. The trio received the Kees Wiebenga prize at The Kuhmo Chamber Music Festival in Finland 2006 for best performance.

Steinunn Soffía Skjenstad and Sofia Wilkman, both born in 1983, have worked together for two years and given concerts in Helsinki. In October 2007, they received first price for Lied singing in the Erkki Melartin Chamber Music Competition in Savonlinna, Finland.

**Tuesday July 29th at 20:30**

*Anna Áslaug Ragnarsdóttir piano*

**Anna Áslaug Ragnarsdóttir** began her musical studies under the guidance of her father, the renowned musician, Ragnar H. Ragnar at the Music School in Ísafjörður and later moved on to the Reykjavík College of Music where she studied with pianist Árni Kristjánsson. After finishing her diploma in Iceland she furthered her studies in the UK, Italy and Germany. Ragnarsdóttir has performed in various countries in Europe and North-America. In Iceland she has appeared as a soloist with the Iceland Symphony Orchestra several times and played numerous recitals all around the country. She has recorded for the Icelandic National Broadcasting Service and the Iceland Music Information Centre, and has released a CD where she performs works by Icelandic composers. She lives in Munich and Reykjavík.

# Sumartónleikar

**Þriðjudaginn 5. ágúst kl. 20:30**

## *Lög um börn og fyrir börn*



**Þórunn Elín Pétursdóttir** stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Elísabetar Erlingsdóttur. Veturinn 2002 - 2003 var hún skiptinemi við Listaháskólann í Berlín og lærði hjá Ute Niss. Hún hefur einnig sótt mörg meistaranámskeið í söng bæði heima og erlendis, meðal annars hjá Joy Mammen, Franco Castellana og Karan Armstrong. Þórunn Elín fór með hlutverk *Saffíar* í uppsetningu Óperustúdíós LHÍ og Íslensku Óperunnar á *Sígaunabaróninum* í apríl 2004 og tók þátt í Ljóðaakademíu Kristins Sigmundssonar og Jónasar Ingimundarsonar í Salnum vorið 2005. Þórunn Elín hefur sungið með ýmsum kórum, meðal annars Háskólakórnum, Mótettukór Hallgrímskirkju og syngur nú með kórum Áskirkju og Kópavogskirkju. Hún hefur haldið einsöngstónleika og komið fram sem einsöngvari við ýmis tækifæri. Þórunn Elín hefur einnig B.A. próf í uppeldis- og menntunarfræðum og heimspeki og starfar við tónmenntakennslu samhliða söngnum.

**Anna Rún Atladóttir** útskrifaðist vorið 1992 með fiðlukennarapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Þremur árum seinna lauk hún píanókennaraprófi frá sama skóla. Anna Rún stundaði framhaldsnám við Trinity College of Music í London og The London College of Music og lauk þaðan einleikaraprófi á píanó og MMus gráðu í píanóundirleik. Aðalkennarar hennar í London voru Carola Grindea og Geoffrey Pratley. Á árunum 1997 til 2000 starfaði hún sem kennari og meðleikari í Oxford, Cambridge og London. Anna Rún hefur komið fram sem píanóleikari, fiðluleikari og meðleikari bæði með söngvurum, hljóðfæraleikurum og kórum hérlendis, í Englandi, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi. Anna Rún starfar nú sem píanóleikari og raddþjálfari hjá Söngskólanum í Reykjavík og sem fiðlukennari við Tónmenntaskóla Reykjavíkur.

**Þriðjudaginn 12. ágúst kl. 20:30**

## *Íslensk leikhústónlist, sönglög og aríur*



**Guðrún Ingimarsdóttir** er uppalin á Hvanneyri í Borgarfirði. Hún stundaði söngnám í Reykjavík og Lundúnum og framhaldsnám við einsöngvara- og óperudeildir tónlistarháskólans í Stuttgart hjá hinni þekktu söngkonu Sylviu Geszty. Meðal annarra kennara Guðrúnar eru Robin Bowman, Janet Perry og Elly Ameling. Síðan námi lauk hefur Guðrún starfað sem söngkona í Þýskalandi og víðar á meginlandi Evrópu, þar sem hún hefur sungið veigamikil hlutverk í óperuuppfærslum í Þýskalandi, Sviss, Englandi og Íslandi. Guðrún er einnig virk á sviði kirkju- og óperettutónlistar og hefur flutt slíka tónlist á fjölmörgum tónleikum vítt og breitt í Þýskalandi, Ítalíu, Austurríki, Portúgal, Sviss og Tyrklandi. Hún var sæmd heiðursorðu Johann Strauss félagsins í Þýskalandi fyrir söng sinn og vann til verðlauna í alþjóðlegu Erika Köth söngkeppninni í Þýskalandi árið 1996.

**Jónína Erna Arnardóttir** píanóleikari hlaut grunnmenntun sína í píanóleik við Tónlistarskóla Borgarfjarðar og Reykjavíkur. Hún stundaði framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Bergen frá 1991-1995 og lauk þar lokaprófi í píanóleik og kammermúsik með söng sem aukafag. Aðalkennari hennar þar var Jiri Hlinka. Hún starfar nú sem

# Summer Concerts

**Tuesday August 5th at 20:30**

## *Music About, and for Children*

**Þórunn Elín Pétursdóttir** studied at the Reykjavík College of Music and the Iceland Academy of the Arts with Elísabet Erlingsdóttir. She spent a year in Berlin as an exchange student at the Berlin University of the Arts, where she studied with Professor Ute Niss. She has also attended numerous master classes, both in Iceland and abroad with Joy Mammen, Franco Castellana and Karan Armstrong. In 2004, she sang the role of *Saffi*, in Johann Strauss's *The Gipsy Baron* in the Opera Studio of the Icelandic Opera. Pétursdóttir has been a member of numerous choirs and is now a member of the Áskirkja and Kópavogur church choirs. She also holds a degree in pedagogy and philosophy and teaches music at an elementary school.



**Anna Rún Atladóttir** graduated from the Reykjavík College of Music in 1992 as a violin teacher and three years later as a piano teacher. She furthered her studies at the Trinity College of Music and the London College of Music, where her teachers were Carola Grindea and Geoffrey Pratley. She graduated with a piano solo diploma and a MMus degree in Piano Accompaniment. Atladóttir has performed in many concerts as an accompanist both in Iceland and elsewhere in Europe. She is currently an accompanist at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts and a violin teacher at the Reykjavík Children's Music School.

**Tuesday August 12th at 20:30**

## *Icelandic Theatre Music, Songs and Arias*

Soprano **Gudrun Ingimars** began her vocal training at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts. She furthered her studies in London and Stuttgart, where her professor was Sylvia Geszty. Ms. Ingimars's opera credits are many and varied. She has sung leading roles e.g. at the Bavarian Opera, the Stuttgart Opera and Markgräfliches Opera House in Bayreuth. Furthermore, she is a well-known concert singer and has performed as a soloist in many countries in Europe. Ms. Ingimars has performed more than sixty operetta concerts around Germany and Austria and is a frequent guest soloist with the Johann Strauss Orchestra Wiesbaden and the Alt-Wiener Strauss Ensemble in Stuttgart. She received a special recognition at the International Erika Köth Competition in 1996. In her home country, Iceland, she has received recognitions from various cultural institutions.



**Jónína Erna Arnardóttir** studied piano in Iceland and qualified as a music teacher before furthering her studies at The Bergen Conservatory, Norway, where she majored in accompaniment and chamber music as well as taking classical singing as her minor subject. In Bergen, her professor was Mr. Jiri Hlinka. At present, she teaches piano and heads the piano department of the Borgarfjörður Music School. She regularly accompanies students majoring in classical singing, and performs at concerts accompanying choirs and soloists. Arnardóttir is the artistic director of the IsNord music festival in Borgarnes, founded in 2005.

kennari og deildarstjóri píanódeildar í Tónlistarskóla Borgarfjarðar auk þess að sinna meðleik við söngdeild skólans. Hún hefur leikið á tónleikum með fjölda kóra og einsöngvara. Jónína Erna er listrænn stjórnandi IsNord tónlistarhátíðarinnar í Borgarnesi, sem haldin var í fyrsta skipti árið 2005 og hefur meðal annars komið þar fram með Gunnari Guðbjörnssyni, Bergþóri Pálssyni, Guðrúnu Ingimarsdóttur, Theodóru Þorsteinsdóttur, Dagrúnu Hjartardóttur og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

## Þriðjudaginn 19. ágúst kl. 20:30 – *Fiðla og selló*

**Guðný Guðmundsdóttir** hefur starfað sem fyrsti konsertmeistari við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá árinu 1974. Hún er einnig afar farsæll kennari og eru margir nemendur hennar í fremstu röð íslenskra fiðluleikara. Guðný kenndi við Tónlistarskólann í Reykjavík í áratugi og leiðir nú fiðludeild Listaháskóla Íslands. Á undanförnum árum hefur Guðný, auk viðamikils tónleikahalds heima fyrir gert víðreist og komið fram sem einleikari meðal annars í Mexíkó, Hong Kong og Puerto Rico og auk þess margsinnis með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún hefur einnig haldið tónleika í Ísrael, Japan og Kína og í mörgum Evrópulöndum auk Norðurlandanna og Bandaríkjanna. Guðný hefur hlotið margar viðurkenningar fyrir tónlistarstörf, svo sem Riddarakross hinnar íslensku Fálkaorðu árið 1989. Hún hefur leikið inn á nokkrar geislaplötur bæði einleik og kammertónlist.

**Gunnar Kvaran** kennir við Tónlistardeild Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík. Auk fastra starfa heldur hann mjög oft tónleika bæði hér heima og erlendis og hefur komið fram á einleiks- og kammertónleikum í mörgum löndum Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Af einstökum stöðum má nefna Wigmore Hall í London, Carnegie Hall í New York og Beethoven Haus í Bonn. Gunnar hefur oft leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, komið fram í útvarpi og sjónvarpi og allmargar hljómplötur og diskar hafa verið gefnir út með leik hans. Árið 1990 hlaut hann verðlaun úr sjóði Dr. Gunnars Thoroddsen fyrir tónlistarstörf, hann var valinn bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 1996 og sæmdur Riddarakrossi hinnar íslensku Fálkaorðu í júní 2006.

Undanfarin sumur hefur þeim hjónum Guðnýju og Gunnari verið boðið að leika á tónlistarhátíðum víðsvegar um Bandaríkin.

## Þriðjudaginn 26. ágúst kl. 20:30
*Íslenski saxófónkvartettinn*

**Vigdís Klara Aradóttir** lærði á klarínett og saxófón við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún stundaði framhaldsnám við tónlistarháskólana í Basel og Lausanne í Sviss og í Ohio í Bandaríkjunum. Einnig stundaði hún nám á gamalt klarínett við Schola Cantorum Basiliensis. Hún hefur meðal annars leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og í Þjóðleikhúsinu. Síðastliðið haust tók Vigdís við stjórnandastarfi hjá nýstofnaðri Skólahljómsveit Víðistaðaskóla í Hafnarfirði. Þá kennir hún á saxófón og klarínett og stundar einnig nám í menningar- og menntastjórnun við Háskólann á Bifröst.

**Sigurður Flosason** lauk einleikaraprófi á saxófón frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1983. Hann stundaði framhaldsnám í klassískum saxófónleik og jazzfræðum við Indiana University í Bandaríkjunum og lauk þaðan Bachelors- og Mastersprófum. Helstu kennarar hans voru Eugene Rousseau og David Baker. Sigurður stundaði einkanám hjá George Coleman í New York veturinn 1988-1989. Hann var ráðinn aðstoðarskólastjóri og yfirmaður jazzdeildar Tónlistarskóla F.Í.H. 1989 og hefur gegnt því starfi síðan. Sigurður hefur verið atkvæðamikill í íslensku jazzlífi undanfarin ár og hefur einnig tekið þátt í mörgum fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum. Sigurður hefur fjórum sinnum hlotið íslensku tónlistarverðlaunin og tvívegis verið tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Hann hlaut, ásamt Gunnari Gunnarssyni, tilnefningu til tónlistarverðlauna DV árið 2001.

# Summer Concerts

## Tuesday August 19th at 20:30 – *Violin and Cello*



Concertmaster of the Iceland Symphony Orchestra **Guðný Guðmundsdóttir** heads the violin department of the Iceland Academy of the Arts. A number of Iceland's most outstanding violinists have come from her class. In the past years Ms. Guðmundsdóttir has, besides extensive concertising with the Iceland Symphony Orchestra and other ensembles, appeared as a soloist with orchestras in Mexico, Hong Kong and Puerto Rico. She has also given recitals and performed chamber music in Israel, Japan, China, in many European countries and the United States. Ms. Guðmundsdóttir has made several recordings on Icelandic labels. In 1996, she was awarded the Knight's Cross of the Order of the Falcon for her work in music.

**Gunnar Kvaran** teaches in the Department of Music at the Iceland Academy of the Arts and the Reykjavík College of Music. He also performs extensively in Iceland and abroad, giving solo recitals and chamber music concerts in many European countries, the USA and Canada, e.g. in Wigmore Hall in London, Carnegie Hall in New York and Beethoven Haus in Bonn. Mr. Kvaran has often performed with the Iceland Symphony Orchestra and made numerous recordings for radio and television. He has also released numerous LPs and CDs. In 1990, he was awarded the G. Thoroddsen prize for his contribution to musical life in Iceland and in 1996 nominated Artist of the Year of his town of residence, Seltjarnarnes. Mr. Kvaran was awarded the Knight's Cross of the Order of the Falcon for his work in music.

In the last few years, the couple Guðný Guðmundsdóttir and Gunnar Kvaran has been invited to perform at several summer music festivals in the USA.

## Tuesday August 26th at 20:30
## *The Icelandic Saxophone Quartet*



**Vigdís Klara Aradóttir** studied both clarinet and saxophone in Reykjavík and furthered her studies at conservatories in Basel, Switzerland and the United States, focusing on the historical clarinet at the Schola Cantorum Basiliensis. She has performed with the Iceland Symphony Orchestra, the North Iceland Symphony Orchestra and in the National Theatre of Iceland. Last autumn she took the position of principal at the newly founded Víðistaðaskóli concert band in Hafnarfjörður. She also teaches saxophone and clarinet. Aradóttir is currently studying for a Master's degree in educational- and cultural management at Bifröst University.

**Sigurður Flosason** obtained a Performance Diploma on the saxophone from the Reykjavík Conservatory in 1983. He took post-graduate studies in classical saxophone and jazz studies at Indiana University in the United States and graduated with a Bachelor's and Master's degree. His principal teachers were Eugene Rousseau and

**Peter Tompkins** fæddist á Englandi og lauk einleikaraprófi frá Royal College of Music og tónlistarkennaraprófi frá Royal Academy of Music í Lundúnum. Peter hefur verið búsettur á Íslandi síðan 1988 og hefur tekið virkan þátt í tónleikahaldi hér bæði sem einleikari og flytjandi hljómsveitar-, óperu-, leiklistar-, kammer- og kirkjutónlistar. Hann er formaður Bachsveitarinnar í Skálholti og kennir í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Peter hefur komið fram á tónleikum víða utan Íslands, m.a. á Norðurlöndunum, víða í Evrópu og í Bandaríkjunum. Peter var heiðurslaunþegi menningarsjóðs Garðabæjar árið 2000.

**Guido Bäumer** er frá Norður-Þýskalandi og fluttist til Íslands árið 2000. Hann stundaði tónlistarnám í Bremen í Þýskalandi þar sem hann lauk kennaraprófum bæði á saxófón og þverflautu. Guido stundaði framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Basel í Sviss þar sem hann lauk einleikaraprófi með hæstu einkunn og við Bowling Green State University í Ohio í Bandaríkjunum þar sem hann lauk Artist Certificate. Í Sviss kenndi Guido m.a. við Tónlistarskólann í Luzern og lék á barítón-saxófón í saxófónkvartettinum Mit-links. Guido hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Caput-hópnum og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, einnig hefur hann leikið einleik í saxófónkonsert eftir J. Ibert og frumflutt verk eftir íslensk tónskáld. Hann kennir við Tónlistarskólann í Kópavogi og við Skólahljómsveit Vestur- og Miðbæjar í Reykjavík.

## Þriðjudaginn 2. september kl. 20:30 – *Almanaksljóð*



**Gerður Bolladóttir sópran** ólst upp á Laufási við Eyjafjörð. Hún byrjaði ung að syngja í kirkjunni hjá prestinum og biskupnum föður sínum en hóf síðan formlegt söngnám 18 ára gömul við Tónlistarskólann á Akureyri. Hún lauk burtfararprófi í söng undir handleiðslu Sigurðar Demetz Franssonar og stundaði framhaldsnám við Indiana University, School of Music í Bloomington í Bandaríkjunum, þar sem helstu kennarar hennar voru Martina Arroyo og Klara Barlow. Gerður hefur haldið tónleika víðsvegar á Íslandi, í Bandaríkjunum og á Grænlandi. Hún hefur aðallega einbeitt sér að ljóðasöng og kirkjutónlist og síðasta verkefni hennar var útgáfa á geisladiski með íslenskum þjóðlögum í útsetningum Ferdinand Rauter og Önnu Þorvaldsdóttur.

**Sophie Marie Schoonjans** lærði hörpuleik við Konunglega tónlistarháskólann í Brussel og útskrifaðist þaðan árið 1984 og ári síðar með próf í kammermúsík. Hún hefur leikið með ýmsum hljómsveitum á ferli sínum, m.a. Fílharmóníuhljómsveitinni í Hong Kong, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Orchestre du Festival de Bruxelles og verið virkur flytjandi kammertónlistar hér á landi og erlendis.

**Pamela De Sensi** er fædd árið 1975 í Róm en uppalin í Lamezia Terme á suður Ítalíu. Hún útskrifaðist árið 1998 frá Conservatorio di Musica L. Perosi í Campobasso á Ítalíu og í kammertónlist frá Conservatorio di Musica S. Cecilia í Róm árið 2002. Samtímis sótti hún tíma hjá heimskunnum flautuleikurum svo sem C. Klemm, M. Ziegler, F. Reengli, T. Wye, M. Larrieu og M. Ancillotti. Hún hefur komið fram á fjölda tónleika bæði sem einleikari og í kammerhópum víða á tónlistarhátíðum í Evrópu og Ameríku. Frá árinu 1997 hefur hún spilað með flautukvartettinum Horus Ensemble og frá 1998 í tríóinu Shéhérazade. Hún starfar sem tónlistarkennari við Tónlistarskóla Árnesinga og Kópavogs.

David Baker. He also studied privately with George Coleman in New York from 1988-1989. He was appointed in 1989 to his current position of assistant principal and director of the jazz department in the F.Í.H. Music School in Reykjavík. He has been very active in the Icelandic jazz scene for many years and has taken part in many multi-national projects. Flosason has four times received an Icelandic music award and twice been nominated to the Nordic Music Awards.

**Peter Tompkins** was born in England and obtained a Performance Diploma from the Royal College of Music and a Teacher's Diploma from the Royal Academy of Music in London. Since his arrival in Iceland in 1988, he has been active in the musical life of the country both as a soloist and an orchestral member in opera, theatrical, chamber and church music ensembles. He is the director of the Skálholt Bach Consort and teaches in the Hafnarfjörður Music School. Tompkins has performed in concerts widely outside Iceland, for example in the Nordic countries, in Europe and in the United States. Mr. Tompkins was granted a cultural award from the town of Garðabær in 2000.

**Guido Bäumer** was born in North-Germany and moved to Iceland in 2000. He studied music in Bremen where he obtained a Teacher's Diploma for both flute and saxophone. He took post-graduate studies at Basel Conservatory in Switzerland where he obtained a Performance Diploma par excellence, and at Bowling Green State University in Ohio in the United States where he obtained an Artist Certificate. Bäumer taught at the Lucerne music school and performed on baritone saxophone in the Mit-links saxophone quartet. He has performed with the Iceland Symphony Orchestra, the Caput ensemble and the North Iceland Symphony Orchestra. He has also performed the Ibert saxophone concerto and premiered compositions by Icelandic composers. Bäumer teaches at the Kópavogur Music School and at the West- and Mid-Reykjavík schools concert band.

## Tuesday September 2nd at 20:30 – *Almanak Lieder*

**Gerður Bolladóttir** soprano grew up in Northern Iceland where her father was a minister. At a very young age, she began to sing in her father's church, but her formal vocal training started when she was eighteen. She studied under the guidance of Sigurður Demetz in Reykjavík and later furthered her studies at the Indiana University, School of Music in Bloomington, where her teachers were Martina Arroyo and Klara Barlow. Bolladóttir has devoted her attention mainly to Lied singing and religious songs. In 2003, she released a CD with songs in celebration of the last catholic bishop in Iceland, Jón Arason, beheaded in 1550. Her latest CD is an anthology of Icelandic folk music for voice and strings.

**Sophie Marie Schoonjans** studied the harp at the Royal Music College in Brussels and graduated 1984, with the emphasis on chamber music. She has played with many orchestras such as the Philharmonic Orchestra of Hong Kong, the Icelandic Symphony Orchestra and Orchestre du Festival de Bruxelles and has been an active performer of chamber music both in Iceland and abroad.

**Pamela De Sensi** was born in Rome 1975 but raised in the South-Italian town of Lamezia Terme. She studied at conservatories in Campobasso and Rome and took lessons with the renowned flutists C. Klemm, M. Ziegler, F. Reengli, T. Wye, M. Larrieu and M. Ancillotti. She has participated in many festivals and music competitions in Italy and performed at concerts in Europe both as a soloist and in ensembles. Since 1997, she has played with the quartet Horus Ensemble and from 1998 the trio Shéhérazade. Currently she lives in Iceland and works as a music teacher in various schools while performing regularly at concerts all around the country.

# LISTASAFN
## SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR

LAUGARNESTANGA 70,
IS-105 REYKJAVÍK, ICELAND
SÍMI 553-2906
WWW.LSO.IS
LSO@LSO.IS



*Flautuleikarinn frá Balí / The Flutist from Bali*
*1979, LSÓ 111*

## LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR

HÝSIR HÖGGMYNDIR OG TEIKNINGAR
EFTIR SIGURJÓN ÓLAFSSON MYNDHÖGGVARA ÁSAMT
HEIMILDUM UM LISTAMANNINN OG ER MIÐSTÖÐ RANNSÓKNA
Á LIST HANS. SAFNIÐ, SEM ER SJÁLFSEIGNARSTOFNUN,
VAR OPNAÐ ALMENNINGI ÁRIÐ 1988.



Sculptor **Sigurjón Ólafsson** (1908-1982) has been named one of his century's most important portrait sculptors but he also developed a personal abstract style. Trained as a house painter, he entered the Danish Royal Academy of Fine Arts in 1928, from which he graduated in 1935, having supplemented his studies with a year in Rome. As an experimental sculptor he brought both classical schooling and artistic insight to a variety of materials from clay and plaster to wood, metal, stone and concrete. His versatility has inspired younger generations of Icelandic artists. His works are found in museums and private collections in Iceland, Denmark, Sweden, Italy and the United States. As one of the leading artists of Iceland, he was entrusted with numerous challenging commissions, among them a 90 m long relief at the Búrfell Power Station. Public monuments by Ólafsson in Reykjavík include the *Throne Pillars* at Höfði house, *Emblem of Iceland* close to the University Cinema and the *Pack Horse* at Hlemmur Square.

**The Sigurjón Ólafsson Museum** was founded by the artist's family who converted his studio to house a large collection of his works. The museum is situated by the seafront on the historical Laugarnes peninsula, a 30 minutes easy walk along the shore from Reykjavík city centre. The cafeteria, with a beautiful view over the ocean, is open during museum hours and after the summer concerts.

GLITNIR

Sigurjón Ólafsson
# MUSEUM
laugarnestangi 70,
is-105 reykjavík, iceland
tel: (+354) 553-2906
www.lso.is
lso@lso.is

## HOW TO GET THERE




+64 9’ 11.16”, –21 53’ 14.28”

**June 1. – September 30.**
**Open daily: 14–17 except Mondays**

**October 1. – May 31.**
**Open Saturdays and Sundays: 14–17**

**Closed in December and January**

**1. júní – 30. september**
**Opið daglega nema mánudaga 14–17**

**1. október – 31. maí**
**Opið laugardaga og sunnudaga 14–17**

**Lokað í desember og janúar**